

Kverkfjöll - jarðhiti og hugsanleg notkun

Kristján Sæmundsson

Greinargerð KS-88-13

KVERKFJÖLL - JARÐHITI OG HUGSANLEG NOTKUN

Kverkfjöll hafa fram að þessu ekki verið talin áhugavert háhitasvæði til virkjunar jarðhita, en meginhluti þess er í 1600-1900 m hæð y.s. Afrennsli frá háhitasvæðinu kemur fram með tvennum hætti: Annars vegar í ánni undan Kverkjökli, en hún er misheit eftir því hvað leysing er mikil í jöklinum. Hinsvegar sem laugar, mest um 62°C heitar, í Hveragili sem skerst djúpt inn í norðausturhlið fjallanna.

NÁGRENNI SIGURÐARSKÁLA

Um hagnýtingu jarðhita til upphitunar er vart að ræða í sambandi við Sigurðarskála. Þar í grennd er eingöngu að fá hið volga afrennsli Kverkjökuls. Við þekkjum aðstæður ekki nægilega vel, til að geta dæmt um hvort þar megi laga til fyrir sundpoll. Sýnist þó það muni vera illgerlegt vegna þess hvað mikil hreyfing er á ánni og í jöklinum, auk þess sem áin er of köld til baða langtímum saman, einkum á sumrin. Líklega væri skynsamlegast að láta þar allt óhreyft en laga aðkomu þannig að fólk eigi kost á að baða sig þegar lítið er í ánni og hitastig við hæfi.

HVERADALIR

Frá Sigurðarskála liggur fjölfarin gönguleið upp í Hveradali. Þar eru gufuhverir sem hugsanlega mætti fá úr gufu til hitunar. Nýlegt dæmi um framtak af því tæi er upphitun skálans á Grímsfjalli þar sem grunnar borholur gáfu nokkra gufu. Skáli hefur verið reistur í um 1800 m hæð austan við Efri-Hveradal. Óvíst er hvort komið verði við upphitun frá gufuhverum á þeim stað. Trú-

lega mætti með nokkrum tilfæringum útbúa bað- eða sundpoll í Neðri-Hveradalnum. Þetta mætti allt skoða nánar með verkhyggnum mönnum.

HVERAGIL

Þriðji vinsæli ferðamannastaðurinn í Kverkfjölum er við Hveragil norðaustan undir fjöllunum. Þangað liggur vegur, sem endar á gilbrún. Þaðan er allbrött en stutt gönguleið niður í gilið. Þarna er landið um 900 m yfir sjó. Staðhættir til að nýta sjálfrennandi heitt vatn úr laugunum til hitunar á skála eru varla fyrir hendi. Hins vegar mætti hugsanlega útbúa sundlaug eða baðpoll í giliinu án þess að raska miklu. Okkur er ókunnugt um sveiflur í rennsli lauganna og hvernig aðstæður eru til að ná því í rör.

RANNSÓKNIR

Við treystumst ekki til að leggja ákveðið mat á, hvort ná megi heitu vatni eða gufu til upphitunar eða í sundlaug á neinum þeirra þriggja staða sem hér hafa verið taldir nema skoða þá nánar beinlínis með slík áform í huga. Ekki virðist ástæða til að leggja í neinar meiri háttar rannsóknir á þessu stigi. Hér yrði fyrst og fremst að haga framkvæmdum eftir náttúrlegum aðstæðum á hverjum stað. Við sjáum þó fyrir nauðsyn þess að kortlegga nákvæmlega laugarnar í Hveragili og afla upplýsinga um breytileika á rennsli og hita lækjarins sem rennur eftir giliinu. Okkar tillaga er að verkfræðingur með þekkingu á tilhögun við beislun hveraorku skoði ofanefnda þrjá staði ásamt staðkunnugum verkhyggnum mönnum sem

sýslunefndin fengi til. Þá myndi skýrast nánar hvaða frekari rannsókna væri þörf, og væntanlega fást gróft kostnaðarmat á rannsóknum og framkvæmdum sem þeir teldu koma til greina.